

Foreldrafundur grunnskóladeildar Öxarfjarðarskóla haldinn í Lundi miðvikudaginn 11.október 2023 kl. 19:30.

Mættir eru af hálfu skólans: Hrund, Christoph, Conny, Lára Björk, Vigdís og að auki 10 foreldrar .
Hrund stjórnar fundi og ritaði fundargerð.
Gestur fundarins er Jón Höskuldsson fræðslufulltrúi.

Dagskrá:

1. Starfsemi og starfsáætlun Öxarfjarðarskóla 2023-2024. Hrund fór yfir starfsemi skólans í vetur, helstu upplýsingar og starfsáætlun sem búið var að kynna og samþykkja í skólaráði. Þá er búið að leggja starfsáætlunina fyrir í Fjölskylduráði. Einnig var stoðþjónusta skólans kynnt og farsældarlögin og hvað felst í þeim. Tengiliðir farsældar í Öxarfjarðarskóla eru Hrund fyrir grunnskólann og Arna Ósk fyrir leikskóladeildina. Áfram verður lögð mikil áhersla á lestur og læsi en á undanförunum árum hefur tekist að glæða áhuga nemenda á yndislestri og lagt upp úr því að allir nemendur í 1. -7.bekk lesi daglega í 10 – 15 mín heima. Heimili og skóli vinni saman að þessu með því að kvitta í heimalestrarheftið og það skoðað vikulega en ákveðið hefur verið að setja sérstök viðmið um heimalestur sem sjá má á heimasíðu skólans.

Þess má geta að heimasíðan hefur verið uppfærð og þar inn eru fréttir úr skólastarfinu reglulega settar inn.

Skólastjóri hefur óskað eftir því að skólalóð skólans verði endurskipulögð og afmörkuð með tilliti til öryggis nemenda þannig að bílastæði starfsfólks og gesta verði færð austur fyrir skólabygginguna. Þá þarf einnig að afmarka hana þannig að útvistarsvæðið verði nægjanlega stórt til að rýma þá afþreyingu sem æskilegt væri að hafa þar, t.d. sparkvöll, körfuboltavöll og jafnvel aparólu eða ærslabelg. Endurskipulag skólalóðarinnar hefur verið samþykkt í fjölskylduráði.

Samstarf við aðrar stofnanir

Farið var yfir samstarf við nærsamfélagið s.s. Þjóðgarðinn og aðrar stofnanir. Um er að ræða Tónlistarskóla Húsavíkur og Grunnskóla Raufarhafnar en sú breyting var tilkynnt þaðan að frá og með deginum í dag komi nemendur ekki meira í Lund fyrir jól. Miklar breytingar hafa átt sér stað upp á síðkastið í Grunnskóla Raufarhafnar með auknum nemendafjölda. Ákveðið að stokka samstarfið upp og ræða betur með hvaða hætti væri hægt að gera samstarfið markvissara. Þá var einnig ákveðið að skólarnir héldu árhátíð í síthvoru lagi að þessu sinni. Öxarfjarðarskóli mun halda sína árhátíð í Skúlagarði þann 24.nóvember nk. samkvæmt skólalagatali.

2. Áherslur í námi og kennslu. Cristoph og Vigdís kynntu helstu áherslur í námi og kennslu deildanna auk námsmats. Sýnt var m.a. fræðslumyndband sem nemandi á miðstigi gerði og er afurð fyrsta þemaverkefnis ársins í útikennslu.

3. Kynning á innra mati og umbótaáætlun skólans. Hrund fór yfir helstu niðurstöður innra mats skólans fyrir árið 2022-2023 og umbótaáætlun fyrir núverandi skólaár en skýrsluna má finna á heimasíðu skólans.

4. Kosningar í skólaráð og stjórn foreldrafélagsins

Kjósa þarf í skólaráð. Öxarfjarðarskóli fékk, sem fámennur samrekinn leik- og grunnskóli, samþykkt frá Menntamálaráðuneyti á sínum tíma að hafa einungis 6 fulltrúa í skólaráði í stað 9 fulltrúa eins og kveðið er á um í lögum um skólaráð. Um er að ræða 1 fulltrúa frá foreldrum leikskólabarna, 1 fulltrúa frá foreldrum grunnskólabarna, 1 starfsmann frá leikskóladeild, 1 kennara, fulltrúi frá nemendum (formaður nemendaráðs) skólastjóri + deildarstjóri.

Allir þeir sem áttu sæti í skólaráði síðastliðin tvö ár gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og í stað

Elisabethar Hauge deildarstjóra leikskóladeildar sem átti sæti þar, tók Arna Ósk núverandi deildarstjóri við. Enginn bauð sig fram þannig að núverandi skólaráð fékk stuðning til næstu tveggja ára og samþykki fundarmanna með lófaklappi.

Kjósa þarf í stjórn foreldrafélags Öxarfjarðarskóla á hverju ári en síðastliðin tvö ár hafa sömu aðilar setið þar við stjórn en það eru Guðrún Jónsdóttir, Einar Ófeigur Björnsson, Eyrún Ösp Skúladóttir og Berglind Ýr Ingvarsdóttir. Guðrún Jónsdóttir vildi ekki gefa kost á sér áfram en Margrét Hjálmarsdóttir var tilbúin til að taka sæti í stjórn. Allir aðrir sem sitja í stjórn gefa kost á sér áfram og þar sem enginn gaf sig fram til kjörs á fundinum, var stjórnin klöppuð upp ásamt Margréti. Einar þakkaði Guðrónu fyrir vel unnin störf og samstarfið. Stjórn foreldrafélagsins þarf einnig að koma sér saman um hver verði áheyrnarfulltrúi foreldra á fundum fjölskylduráðs með skólastjóra þegar málefni skólans eru rædd. Christoph Wöll er áheyrnarfulltrúi starfsfólks á fundum með skólastjóra. Einar gjaldkeri lagði fram ársreikning nemendasjóðs og fór yfir hann í stuttu máli. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að skemmtun, fræðslu og ferðalögum fyrir grunn- og leikskólabörn í Öxarfjarðarskóla. Helstu fjáröflunarleiðir eru sala á salernispappír, dósa- og flöskusöfnun, árshátíð, Vorgleði, kaffisala á markaði í Gljúfrastofu á aðventu og spilakvöld.

5. Önnur mál

a. Mætingar á foreldrafundi. Hrund kastaði fram þeirri spurningu hvernig hægt væri að höfða betur til fólks með að mæta á fundi sem þessa. Upp komu hugmyndir um að fjalla meira um afmarkað efni í einu t.d. bara innra mat eða starfsáætlun á hverju fundi fyrir sig, ef til vill bjóða upp á veitingar eða spennandi fyrirlestra.

b. Sundlaugin og sundkennsla – Eins og staðan er núna, er laugin í standi til að kenna sund og sundkennsla hefst í næstu viku að öllu óbreyttu. Búið er að ráða starfsmann /umsjónarmann íþróttamannvirkja í Lundi og á Kópaskeri. Jón Höskuldsson benti á að burðarvirki sundlaugarinnar sé orðið það illa farið að ekki sé reiknað með því að hún verði opnuð aftur fyrir almenning og ekki útséð með framtíðarsundkennslu þar. Fram kom að það þyrfti að tryggja það að nemendur fengju sundkennslu – helst á staðnum þar sem það hefur gríðarlega aukinn kostnað í för með sér auk tíma og óþæginda að þurfa að keyra t.a.m. til Húsavíkur í sund. Sundlaugarrýmið á Raufarhöfn er óklárað með tilliti til hljóðvistar og nánast ómögulegt að kenna þar af þeim sökum.

c. Heimilisfræðiaðstaða – Jón var spurður um hvort til stæði að leggja eittthvert fjármagn í heimilisfræðiaðstöðu til að uppfylla ákvæði aðalnámskrár og lagfæra það sem þarf s.s. heita vatnið o.fl. Fyrir liggur vinna við fjárhagsáætlun næsta árs og spurning hvað hægt sé að gera.

d. Almenn viðhald skólahúsnaðisins – rætt um hversu almennu viðhaldi hefur lengi verið ábótavant í skólanum. Ekki hefur verið málað í mörg ár og það lekur inn í forstofuna. Einnig vantar lausnir þar fyrir fatahengi og skógrindur. Verið er að vinna í því. Forstofa hefur risið við leikskólann og var brýn viðbót við ört stækkandi leikskóladeild.

Verið er að fara í endurbætur á leikvellingum á Kópaskeri. Rætt um að ef skólamannvirki og það sem snýr að börnunum verði fjársvelt er hætta á að fólk flytji í burtu en um þessar mundir er gríðarleg atvinnuuppbygging á svæðinu og talsverð fjölgun í skólanum. Því verði að fylgja fjármagn.

e. Niðurskurður – Jón upplýsti um það að fjárhagsáætlunarvinna sé í gangi fyrir næsta ár og fyrirséð að niðurskurður um 50 milljónir verði á fræðsluviði í Norðurþingi. Hins vegar er ekki komið á hreint hvernig það muni koma við Öxarfjarðarskóla.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:30
Hrund Ásgeirsdóttir fundarritari